

Gerum betur í að þjónusta hin ýmsu þjóðerni
Ath! Breyttar dagsetningar



Mývatnsstofa ehf. í samstarfi við SAF, Ferðaþjónustu bænda og Gerum betur ehf býður upp á námskeiðið Þjóðerni og þjónusta. Vegna góðrar þátttöku verður námskeiðið haldið tvisvar, **mánudaginn 3. júní kl. 14-17.00 og þriðjudaginn 4. júní kl. 8-11.00**

Námskeiðin verða haldin á Hótel Reyhlið.

Tilgangurinn með námskeiðinu er að gefa innsýn í mismunandi menningarheima og ólíkar þarfir þeirra ferðamanna sem koma hingað til lands. Markmiðið er að námskeiðið nýtist aðilum í ferðaþjónustunni þannig að þeir verði betur í stakk búinir til að taka á móti fólki viðs vegar að úr heiminum. Námskeiðið er 3 klst. Fyrirlesarar: Margrét Reynisdóttir og Örn Árnason www.gerumbetur.is

Verð pr. einstakling er kr. 14.900,- eða 17.700,- (fyrsta íslenska bókin um þjónustu innifalin á tilboðsverði - sjá upplýsingar [HÉR](#)).

Námskeiðið er niðurgreitt af Starfsafli, Landsmennt og Starfsmenntasjóði verslunar og skrifstofufólks.

Áhugasamir vinsamlegast skráið ykkur fyrir föstudaginn 31. maí.

Skráning hjá Guðrúnu Brynleifsdóttur gudrun@visitmyvatn.is eða í síma 898 9820

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

21. tbl. 5. árg. miðvikudaginn 29. maí 2013

Afmælisbörn dagana 30. maí — 5. júní 2013

- 31 Claudia Nicole Jakobs, Þórarinn Böðvarsson.
1. Friðjón Jóhannsson, Ólafur P. Stefánsson.
 2. Ásdís Erla Jóhannesdóttir, Hildur Jónsdóttir.
 3. Guðrún Benediktsdóttir, Júlíus Gunnar Björnsson, Valerija Kiskumo.
 5. Hrafnhildur Geirsdóttir, Jón Illugason, Þórunn Lilja Sigurðardóttir.

Samkaup **strax**

Frá og með föstudeginum 31. maí
verður opið alla daga frá kl. 9:00 - 20:00.

Samkaup Strax.



Frá Íþróttamiðstöð .

Sumaropnun hefst frá og með föstudeginum 31. maí.
Opið verður alla daga milli kl. 10:00 og 21:00.
Þetta á bæði við um sundlaug og íþróttaaðstöðu.

Kveðja, starfsfólk.

Krakkar, krakkar, hjóladaður.

Hjóladaðurinn verður miðvikudaginn 5. júní
við Reykjahlíðarskóla kl. 16:00.

Lögreglan verður á staðnum.
Einnig verða þrautabrautir og getraun.
Hjálmaskoðun.

Boðið verður upp á smá hressingu.
Komum og eigum skemmtilega stund saman.

Slysavarnadeildin Hringur
í samstarfi við Sjóvá
og Kiwanisklúbbinn Herðubreið.



Mývetningar ath.

Bókamarkaður Þingeyjarsveitar- Ljósvetningabúð.

Síðustu opnunardagar:
Laugardagur 1. júní og sunnudagur 2. júní.
Opnið frá kl. 13:00 - 17:00.

Bókastýrur.



Kvöldseta í Húsavík um seyð og seyðahald í Færoyjum.

*Sauðfé og sauðfjárbúskapur í Færeyjum.
Fróðleikur – söngur - gleði
í sal Borgarhólsskóla á Húsavík
laugardaginn 1. júní kl. 16:00.*

Góðir gestir frá Færyjum segja frá sauðfjárbúskap í
Færeyjum og hlutverki hans í menningu eyjaskeggja.
Sagðar verða sögur, sungið og farið með ljóð og ýmsan
fróðleik um sögu og menningu sauðfjárhalds þar í landi.

1. Sangur: Nú hvítna tindar – Grundtvig/ færoyskað Robert Joensen
2. Dávur Winther/ rithøvundurin, Robert Joensen
3. Petur Martin Petersen/ Lívskvæði seyðabóndans
4. Kristin Poulsen/ Seyðasögur úr Fuglafirði
5. Dávur Winther/ Seyðarakstur
6. Jákup Pauli Johannesen/ Seyður og siðir
7. Sangur: Frændaljóð – orð: Petur M .Petersen/ lag: Island er land Þítt

Allir velkomnir.



NORÐURÞING

Aðalfundur

Skógræktarfélags Suður - Þingeyinga

verður haldinn í Ýdölum, fimmtudaginn 6. júní og hefst kl. 20:30.

Að fundi loknum mun Ingi Tryggvason, Narfastöðum, rifja upp hvernig upphaf og þróun skógræktarmála var í okkar héraði.

Ekki missa af þeim gullmolum.
Kaffi og meðlæti í boði félagsins.

Allir hjartanlega velkomnir.
Stjórnin



Í morgun, þriðjudag sást Hvítönd á vatninu við Fuglasafn Sigurgeirs.



Minum á aðalfund Mývetnings
sem verður á morgun, fimmtudaginn 30. maí
kl. 20:00 í Skjólbrekku.

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál.

Það verður boðið upp á eitthvað gott með kaffinu.
Nýir félagar velkomnir.

Verum dugleg að mæta og eflum félagið okkar.
Stjórnin.

Mýflugan

**Kæru lesendur
og viðskiptavinir.**

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

- 1/3 síðu auglýsing 2.200 kr. m/vsk.
- 1/2 síðu auglýsing 3.100 kr. m/vsk.
- 1/1 síðu auglýsing 4.000 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

54. fundur

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 22. maí. 2013, kl 9:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur 2012, síðari umræða.

Til kynningar:

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson.

1. Fundarsetning.
Oddviti setti fund.
2. Ársreikningur 2012, síðari umræða.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 329,4 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 312,6 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 312,4 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 300,7 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,48% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,625% sem er lögbundið hámark þess. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark þess.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 16,3 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 0,3 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 17,9 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 4,8 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 322,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 242,6 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 160,5 millj. kr. en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 28 stöðugildum að meðaltali.

Miðað við niðurstöðu ársreikningsins verður að grípa til enn frekari hagræðingaraðgerða.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.

Mývatnsmarabon.

Nú er um að gera að skella sér í hlaupaskóna og taka þátt í Mývatnsmaraboni. En hið árlega Mývatnsmarabon verður þreytt laugardaginn 1. júní. Hlaupið hefst og endar í Jarðböðunum við Mývatn. Keppt verður í maraboni, ½ maraboni, 10 km. og 3 km.

Allir sem ljúka keppni fá verðlaunapening, stuttermabol merktan hlaupinu, grillveislu og ókeypis í Jarðböðin við Mývatn. Einnig verða veitt sérstök útdráttarverðlaun.

Upplýsingar um verð, skráningu og tímasetningar er að finna á www.visitmyvatn.is og hægt verður að skrá sig til leiks fram á keppnisdag.

POWERADE

